

Hreinsunardagur í Heiðmörk

Laugardaginn 28. maí er fyrirhuguð árleg grisjun og fegrún í skógræktarreit Skaftfellingafélagsins í Heiðmörk. Vonast er til að áhugasamir sjái sér fært að taka til hendinni og mæti með sagir og klippur, á tímabilinu frá kl. 10-16. Fyrir þá sem ekki þekkja leiðina að reit félagsins, þá er farið af Suðurlandsvegi inn á Heiðmerkurveg rétt fyrir austan brúna á Hólmsá. Ekið eftir veginum Hraunslóð, 1,5 km en við hann stendur skiltið Skaftafell þar sem reiturinn okkar er. Fólk taki með sér nesti og ef vel viðrar verður e.t.v. slegið í grill.



Úr skógræktarreit Skaftfellingafélagsins í Heiðmörk

Tónleikaferð Söngfélagsins um Norðurland

Söngfélagið hyggur á tónleikaferð norður í Eyjafjörð helgina 29. apríl – 1. maí nk. Haldnir verða tónleikar í Dalvíkurkirkju föstudagskvöldið 29. apríl, kl. 21. Einnig verður sungið á Dvalarheimilinu Hlíð á Akureyri á laugardeginum og á Heilbrigðisstofnuninni á Blönduósi á heimleiðinni á sunnudag.

Stjórn félagsins 2004 – 2005

Aðalstjórn	sími	GSM
Skúli Oddsson, formaður	587 1799	864 3415
Árman Ó. Sigurðsson	553 6156	
Guðrún Arnarsdóttir	587 4671	897 6382
Halla Bjarnadóttir	557 6238	862 0044
Fanney Magnúsdóttir	553 2895	820 2895
Ragnheiður L. Sigjónsdóttir	588 2430	896 7617
Sígurlaug J. Sigurðardóttir	588 7273	891 7354

Varastjórn	sími	GSM
Guðrún B. Jónsdóttir	587 3315	659 3315
Jón Rafnsson	551 2566	863 3177
Páll Pétursson	515 4515	
Rafn Stefánsson	568 3623	

**MUNIÐ AUGLÝSINGAR
Í DAGBÓKUM DAGBLAÐANNA**




Mýrdalshreppur

óskar öllum Skaftfellingum gleðilegs sumars

Uppskriftabók

Samband vestur-skaftfellskra kvenna hefur gefið út uppskriftabók með yfir 90 uppskriftum til fjáröflunar kvenfélagsstarfi í sýslunni. Bókin kostar 2000 kr. og er til sölu hjá Skúla Oddssyni, s. 864 3415.



Netfangasöfnun!

Félagsmenn eru áfram hvattir til að senda netföng sín til stjórnar félagsins á netfangið: skaftfellingar@simnet.is

Fréttabréf

Skaftfellingafélagið í Reykjavík • Laugavegi 178 • 105 Reykjavík • Sími 553 9955

2. töl. apríl 2005

Endursendist með upplýsingum um nýtt pósthfang ef viðtakandi er fluttur

Vortónleikar

• **Vortónleikar Söngfélags Skaftfellinga Háteigskirkja miðvikudaginn 4. maí 2005 kl. 20:00**

• **Kaffiboð aldara Skaftfellinga sunnudaginn 8. maí 2005 kl. 14:00**

• **Aðalfundur Skaftfellingafélagsins fimmtudaginn 26. maí 2005 kl. 20:30**

• **Hreinsunardagur í Heiðmörk laugardaginn 28. maí 2005 frá kl. 10-16**

• **Sumarferð Skaftfellingafélagsins laugardaginn 4. júní 2005**

• **Þakgil - útilega helgina 8. – 10. júlí (www.thakgil.is)**

• **Skálm Miðvikudaga kl. 19:30 Laugardaga kl. 10:00**

Sameiginlegir vortónleikar Söngfélags Skaftfellinga og Mánakórsins verða haldnir

**Í Háteigskirkju
miðvikudaginn 4. maí 2005
kl. 20:00.**

Á efnisskránni eru innlend og erlend sönglög.

Einsöngvarar
Hulda Sif Ólafsdóttir, sópran
Sigurður Þengilsson, bassi
Unnur Sigmarsdóttir messósópran.

Stjórnandi beggja kóranna er
Violeta Smid.

Píanóleikari: Pavel Manásek.

Aðgangseyrir kr. 1.000.

**Skaftfellingafélagið í Reykjavík
óskar félagsmönnum gleðilegs sumars**

Sumarferð Skaftfellingafélagsins

Vorferð Skaftfellingafélagsins verður að þessu sinni í Borgarfjarðardali, laugardaginn 4. júní. Brottför frá Breiðholtskirkju í Mjódd kl. 9. Komið verður meðal annars við í Reykholti, Húsafelli og Hvanneyri. Reiknað er með að fólk taki með sér nesti og greiði sjálft fyrir hádegisverð. Komið heim að kvöldi.

Áætlaður kostnaður við rútuferð kr. 3.500

Skráning í síma:

864 3415 (Skúli) eða 891 7354 (Lauga)

fyrir miðvikudaginn 1. júní.

Kaffiboð aldraðra Skaftfellinga

Árlegt kaffiboð aldraðra verður haldið í Skaftfellingabúð sunnudaginn 8. maí og hefst kl. 14.

Að venju mun Söngfélagið taka nokkur lög. Þá verður upplestur og að síðustu dansað við undirleik harmonikku.

Veitingar í boði stjórnar félagsins og meðlima Söngfélagsins.

Aðgangur ókeypis.

Aðalfundur Skaftfellingafélagsins

Aðalfundur Skaftfellingafélagsins í Reykjavík verður haldinn fimmtudaginn 26. maí 2005, kl. 20:30 í Skaftfellingabúð, Laugavegi 178 Venjuleg aðalfundarstörf.

Göngu- og ferðahópurinn Skálm

Skálmað verður áfram á...
laugardagsmorgnum kl. 10 (2 klst.)
og á miðvikudögum kl. 19:30 (1 klst.).

Fræknir fætur munu áfram skálma um nágrenni höfuðborgarinnar tvisvar í viku. Í lok júlí er stefnan tekin á Lónsöræfi í nokkurra daga bakpokaferð. Þeir sem ekki hygga á slík stórvirki eru engu að síður velkomnir í vikulegt skálm.

Nánari upplýsingar í síma 891 7354.

Næstu göngur verða sem hér segir:

- 4.5: Heiðmörk – við Maríuhella
- 7.5: Rauðvatn – bílastæði v/Suðurlandsveg
- 11.5: Grafarvogur - Grafarvogskirkja
- 14.5: Úlfarsfell – við skógrækt
- 18.5: Laugardalur – sundlaug
- 21.5: Keilir
- 25.5: Árbær – sundlaug
- 28.5: Heiðmörk - hreinsunardagur
- 1.6: Norrænahúsið
- 4.6: Esja
- 8.6: Garðabær – Garðatorg
- 11.6: Hengill
- 15.6: Mosfellsbær – íþróttahús/sundlaug
- 18.6: Vífilsfell
- 22.6: Fossvogsdalur – Nauthóll
- 25.6: Esja
- 29.6: Laugardalur – sundlaug
- 2.7: Helgafell
- 6.7: Árbær – sundlaug

8.-10.júlí: Útilega í Þakgil í Mýrdal

Miðvikudagar til 15. okt.:
Elliðaárdalur frá Árbæjarlaug
Laugardagar til 15. okt.: Mæting við
gamla rafstöðvarhúsið í Elliðaárdal.

Söngfélag Skaftfellinga

Út er kominn geisladiskurinn Brimströndin með Söngfélagi Skaftfellinga í Reykjavík. Á disknum eru 28 lög tekin upp á tónleikum kórsins á um 10 ára tímabili. Margir hafa komið að útgáfunni og hefur Hreinn Valdimarsson hljóðritað vortónleika kórsins til margra ára og hefur ásamt kórstjóranum, Violetu Smid aðstoðað við lagaval. Arnborg S. Benediktsdóttir kórfélagi sá um hönnun umslags, en það prýða myndir úr Skaftafellssýslum. Einsöngvarar eru Alda Ingibergsdóttir, Ármann Óskar Sigurðsson og Stefán Bjarnason. Undirleikarar eru Pavel Smid, Krystyna Cortes, Richard Simm og Þorvaldur Björnsson. Diskurinn kostar 1.700 kr. og verður til sölu hjá söngfélögum. Nánari upplýsingar hjá Helga Gunnarsyni, s. 551 7574 (helgig@internet.is) og Kolbrúnu Einarsdóttur, s. 824 5521.



Hótel Kirkjubæjarklaustur

Nýverið tóku tveir félagsmenn Skaftfellingafélagsins við rekstri hótelsins á Kirkjubæjarklaustri. Það eru þeir Arnar Bjarnason og Karl Eysteinn Rafnsson sem um árabíl var þar hótelstjóri og hefur nú tekið við hótelstjórn á ný. Af því tilefni hefur verið undirritaður samstarfssamningur milli Skaftfellingafélagsins og Hótel Klausturs.



Hótel Klaustur veitir félögum í Skaftfellingafélaginu 30% afslátt af gistingu á tímabilinu 1. september – 31. maí ár hvert og 10% afslátt á tímabilinu 1. júní – 31. ágúst. Aflátturinn gildir fyrir félagsmenn Skaftfellingafélagsins og fjölskyldur þeirra og tekur til gistingar á allt að tveimur herbergjum hverju sinni og eru félagsmenn hvattir til að nýta sér þetta góða boð.



Bæjarstjórn Hornafjarðar

óskar öllum Skaftfellingum gleðilegs sumars



Skaftárhreppur

óskar öllum Skaftfellingum gleðilegs sumars